



VERKEFNI UM
NÝSKÖPUN Í
FULLORÐINSFRÆÐSLU
BLAÐSÍÐA 1



ALÞJÓÐLEG
STARFSEMI
BLAÐSÍÐA 2



ÞJÁLFUNAR -
VIÐBURÐUR Í BAIA
MARE
BLAÐSÍÐA 2



Á DÖFINNI
BLAÐSÍÐA 2

FRÉTTABRÉF



ip4j



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Verkefni um nýsköpun og starfsþjálfun fyrir einstaklinga með litla menntun/reynslu og innflytjendur

Við erum fimm samstarfsaðilar um alla Evrópu; Þýskalandi, Ítalíu, Íslandi, Rúmeníu og Spáni. Samstarfið er byggt á þátttakendum sem koma frá mismunandi löndum og ólíkum hagsmunaaðilum. Í samstarfi teljum við að við náum til stórs og fjölbreytts markhóps.

Niðurstöður verkefnisins verða gefnar út sem opið fræðsluefni á mismunandi evrópskum tungumálum með augljósum ávinningi hvað varðar miðlun og nýtingu á niðurstöðum verkefnisins.

Markmið okkar er að veita þjálfurum og/eða kennurum réttu verkfærin til að skapa rétta umhverfið fyrir nemendur þína til að þrífast og dafna í kennslustofunni og á vinnumarkaði eftir að hafa lokið yfirferð.



rogepa



5 samstarfsaðilar
frá 5 ólíkum löndum
með sameiginlegt
markmið:
Nýsköpun
Fullorðinsfræðsla
starfsmenntun og
starfsþjálfun

Alþjóðleg starfsemi

Verkefnið hófst í desember 2020 – vegna Covid – hófst verkefnið eingöngu á netinum með Skype símtölum.

Aðeins í síðastliðnum september áttum við möguleika á að hittast á sameiginlegum þjálfunarviðburði sem Rogepa stóð fyrir.

13 starfsmenn áttu möguleika á að fá þjálfun og titilinn „evrópskur leiðbeinandi tengt nýsköpun og starfsmenntun fyrir einstaklinga með litla formlega menntun/starfsreynslu og innflytjendur”.

Í október síðastliðnum tók starfsfólk þátt í fjölþjóðlegum verkefnafundi í El Rompido (Spáni) sem Inercia Digital stóð fyrir.

Samstarfsaðilarnir unnu að:

- verkfærakistu fyrir náms- og starfsráðgjöf
- kennlumyndbönd fyrir innflytjendur og einstaklinga með litla menntun/starfsreynslu



Á döfinni

Næsti fundur á Íslandi í maí 2022

Verkfærakista og kennslumyndbönd á mismunandi tungumálum

APP fyrir farsíma

Námskeið og viðburðir

Project no. 2020-1-DE02-KA202-007465

Þjálfunar- viðburður í Baia Mare (Rúmeníu)



Á tímabilinu frá 6. – 9. september 2021 hittist hópur starfsmanna frá samstarfsaðildarlöndum til að sannreyna aðferðafræðina, miðla þekkingu á milli og undirbúa afrakstur verkefnisins.

Á einni viku voru viðfangsefnin æfð og yfirfarin, til dæmis að læra um ólíka aðferðafræði tengt náms- og starfsþjálfun, upplýsingatækni undirbúning og starfstengdar námsaðferðir.

Gestgjafarnir frá Rogepa skipulögðu áhugaverðan og grípandi viðburð í Baia Mare (Rúmeníu) þar sem einnig var hægt að kynna sér menningu og hefðir þjóðarinnar.